



Einkaleyfastofan

Lindargötu 9 — 150 Reykjavík — Sími 609450

Sigurjónsson & Thor
Óðinsgötu 4
101 Reykjavík

Tilv. yðar: Opp. 481/1991
Tilv. vor: 430-91/481

Dags. 20.05.1992

MÁL:

Andmæli G. H. Sigurgeirssonar f.h. Remia C. V., Willem Arntzlaan 71-77, 3734 ED DEN DOLDER, Hollandi og Sigurjónsson & Thor f.h. Heinrich Leupoldt GmbH & Co. KG., Þýskalandi

gegn

skráningu vörumerkisins REMA 1000 (orð- og myndmerki), sbr. umsókn nr. 481/1991, frá Faktor Company, Sólvallagötu 48, Reykjavík í nafni Reitangruppen A/S, Kongesgt. 36, 7012 Trondheim, Noregi.

ÁKVÖRÐUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA

MÁLSATVIK:

Hinn 07.06.1991 tilkynnti Faktor Company, Sólvallagötu 48, Reykjavík í nafni Reitangruppen A/S, Kongesgt. 36, 7012 Trondheim, Noregi, til skráningar vörumerkið REMA 1000 (orð- og myndmerki). Umsóknin er nr. 481/1991. Óskað var skráningar fyrir vörur í flokkum nr. 3, 16, 29, 30, 31 og 32 ásamt þjónustu í flokk nr. 35. Vörumerkið var birt í Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum þann 24.10.1991.

Með bréfi dags. 12.12.1991 var skráningu merkisins fyrir vörur í flokkum nr. 29 og 30 andmælt af G. H. Sigurgeirssyni f.h. Remia C. V., Willem Arntzlaan 71-77, 3734 ED DEN DOLDER, Hollandi. Andmælin

eru byggð á ruglingshættu við skráð vörumerki andmælanda, REMIA, nr. 1009/1991, fyrir vörur í flokkum nr. 29 og 30.

Andmælandi telur í greinargerð sinni augljósa ruglingshættu vera til staðar með vörumerkinu REMA 1000, skv. umsókn nr. 481/1991, og nefndu vörumerki nr. 1009/1991; bæði hvað varðar sjón- og hljóðlíkingu. Með vísan til 2. og 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga nr. 47/1968 (vml.) telur andmælandi því óheimilt að skrá vörumerki skv. umsókn nr. 481/1991.

Hinn 13.12.1991 var umsækjanda send ofangreind greinargerð og honum veittur frestur til 13.04.1992 til þess að skila inn greinargerð.

Með bréfi dags. 19.12.1991, sem barst vörumerkjaskrárritara samdægurs, var skráningu vörumerkisins REMA 1000 (orð- og myndmerki) fyrir vörur í flokki nr. 30, skv. umsókn nr. 481/1991, andmælt af Sigurjónsson & Thor f.h. Heinrich Leupoldt GmbH & Co. KG., Þýskalandi á grundvelli ruglingshættu merkisins við skráð merki andmælanda PEMA, nr. 395/1987. Í greinargerð andmælanda, dags. 23.12.1991 og barst vörumerkjaskrárritara sama dag, kemur fram að vörumerkið PEMA, nr. 395/1987, er m.a. skráð fyrir vörur í flokk nr. 30. Andmælandi telur orðin PEMA og REMA vera næstum eins í framburði og sjón og að talan 1000 í merki umsækjanda hafi „engin þau sérkenni er gera það að verkum að hættu á ruglingi sé bægt frá.“ Með vísan til 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vml. telur andmælandi að hafna beri skráningu vörumerkis skv. umsókn nr. 481/1991.

Hinn 31.12.1991 var umsækjanda send ofangreind greinargerð og honum veittur frestur til 01.05.1992 til þess að skila inn greinargerð.

Hinn 09.01.1992 bárust vörumerkjaskrárritara greinargerðir umsækjanda vegna beggja ofangreindra andmæla.

Vegna andmæla G. H. Sigurgeirssonar f.h. Remia C. V., Willem Arntzlaan 71-77, 3734 ED DEN DOLDER, Hollandi telur umsækjandi vörumerkin REMA 1000 (orð- og myndmerki), skv. umsókn nr. 481/1991, og REMIA, nr. 1009/1991, ekki vera það lík að ruglingshætta stafi af. Bæði geri stafurinn I í merkinu REMIA og talan 1000 í vörumerki umsækjanda þau ólík í framburði og sjón. Auk þessa sé vörumerki skv.

umsókn nr. 481/1991 með sérstakri stílfærslu þannig að ef litið er á heildarmyndir umræddra merkja þá séu þau gagnólík.

Vegna andmæla Sigurjónsson & Thor f.h. Heinrich Leupoldt GmbH & Co. KG., Þýskalandi, telur umsækjandi mikinn mun vera á vörumerki, skv. umsókn nr. 481/1991, og vörumerki andmælanda nr. 395/1987, bæði hvað varðar sjón- og hljóðlíkingu. Andmælandi telur einnig töluna 1000 (með sérkennilegu lettri) hafa þau sérkenni til að bera að ruglingshættu sé bægt frá. Að lokum bendir umsækjandi á að við mat ruglingshættu beri að líta til heildarmyndar merkja. Vörumerki umsækjanda er stílfært (orð- og myndmerki) en vörumerki andmælanda ekki. Andmælandi telur heildarmyndir merkjanna gagnólíkar og ruglingshætta ekki til staðar.

NIÐURSTAÐA:

Andmælin eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkisins REMA 1000 (orð- og myndmerki), skv. umsókn nr. 481/1991, fyrir vörur í flokkum nr. 29 og 30. Andmælendur eru annars vegar eigandi vörumerkisins REMIA skv. skráningu nr. 1009/1991, fyrir vörur í flokkum nr. 29 og 30, og hins vegar eigandi vörumerkisins PEMA, skv. skráningu nr. 395/1987, m.a. fyrir vörur í flokk nr. 30. Merki beggja andmælenda eru orðmerki.

Vörumerkið REMA 1000, skv. umsókn nr. 481/1991, samanstendur af orðinu REMA og tölustöfunum 1000 með sérkennilegu lettri, feitlettruðum hástöfum með sérstökum útlínum.

Þegar meta skal hvort vörumerki séu það lík að það kunni að valda ruglingshættu hjá almenningi er það ávallt heildarmynd vörumerkjanna sem úrslitum ræður. Vörumerki andmælanda eru ekki stílfærð svo sem fyrr hefur komið fram. Fallast má á það með andmælendum að orðin REMIA og PEMA líkist nokkuð orðinu REMA og þá sérstaklega hvað varðar sjónlíkingu. Tölustafirnir 1000 með sérkennilegu lettri eru hins vegar hluti af vörumerkinu REMA 1000 og fallast verður á það með umsækjanda að sú viðbót ásamt stílfærslu merkisins í heild, geri vörumerkið REMA 1000, skv. umsókn nr. 481/1991, hvorki það líkt vörumerkinu REMIA, nr. 1009/1991, né vörumerkinu PEMA, nr. 395/1987, að það geti valdið hættu á ruglingi hjá almenningi.

Með vísan til ofanritaðs verður hvorki talið að 2. né 6. tl. 1. mgr. 14. gr. vörumerkjalaga eigi við hér.

ÞVÍ ÁKVARÐAST:

Skráning vörumerkisins REMA 1000 (orð- og myndmerki), skv. umsókn nr. 481/1991, er heimiluð fyrir þar til greinda vöruflokka.

Ellý K.J. Guðmundsdóttir lögfr.

Samrit:
G.H. Sigurgeirsson
Pósthólf 1337
121 Reykjavík

Afrit:
Faktor Company
Sólvallagötu 48
101 Reykjavík